

130 í raun rjettri verið álitinn 2 framfærslusveitir, hvor annari óháð; hafi Einholtssókn verið
14. nóv. annarsvegur, en Bjarnanes og Hoffellssókn hins vegar, og hvor fyrir sig staðið straum af sínum þurfamönnum eptir þeim reglum, er gilda um sjálfstæða hreppa, og hvor haft sinn sveitarsjóð. Aðskilnaður sá, sem sótt er um, sje því ekki annað en löggilding ástands þess, er nú er, og muni ekki hafa í för með sjer neina skiptingu á sveitarþyngslum eða eignum, er áður hafi verið sameign beggja hreppanna.

Fyrir því úrskurðast samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872, að Bjarnaneshreppur í Austur-Skaptafellssýslu skal vera 2 hreppar eptirleiðis, og skal vestri hreppurinn ná yfir Einholtssókn og nefnast Mýrahreppur, en eystri hreppurinn yfir Bjarnanessókn og Hoffellssókn, og heita Nesjahreppur. Skiptingin skal fara fram undireins og amtmaður samkvæmt 2. gr. tilsk. 4. maí 1872 hefir tiltekið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna nýju hreppa og búið er síðan að kjósa í hreppsnefndirnar. Sveitarþyngslum þeim, er liggja nú á Bjarnaneshreppi, og eignum þeim, er hreppurinn á, taka hinir nýju hreppar við að sömu tiltölu og áður fylgdi Einholtssókn annarsvegur, og Bjarnanes og Hoffellssókn hinsvegur.

Fari svo, að síðan komi upp sveitarþyngsli í öðrum hvorum hinna nýju hreppa, er eigi rót sína í fjelagsskap þeim, er staðið hefir milli þeirra að undanfögnu, skal skipta þeim álögum jafnot milli hreppanna, og skal skera úr slíkum málum á sameiginlegum fundi beggja hreppsnefndanna.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

131 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
14. nóv. skaðabætur fyrir glataðar peningasendingar með pósti. — Með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, frá 30. oktbr. f. á. og 23. febr. þ. á. meðtók jeg skýringar um 2 peningasendingar, sem komið hafði verið með norðurlandspósti frá Hjarðarholti í Mýrasýslu síðustu ferð hans árið 1872, og voru í annari þeirra 22 rd. 43 sk., er sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu sendi sýslumanninum í Húnavatnssýslu sem skiptaráðanda í dánarbúi Stefáns Hjörleifssonar úr Miðfirði, er hafði druknað það ár, en í hinum 15 rd., er sendir voru af hreppstjórnarum í Reykholtisdalshreppi, Gísla Eggertssyni, til prestsins á Kvíabekk, sira Stefáns Árnasonar, og áttu að afhendast Sigurði Sigmundssyni á Minni-Þverá í Fljótum; en hvorug sendingin komst til skila. Hefi jeg síðan leitað frekari skýringar um þetta mál, og tjái nú herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum það, er nú skal greina.

Með því að áminnstar póstsendingar hafa sendar verið áður en tilskipun frá 26. febr. 1872 öðlast gildi, verða reglur þær, sem settar eru í 13. gr. nefndrar tilskipunar um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar og fyrningu þessarar skyldu, ekki notaðar í máli þessu, og ekki verða heldur greiddar neinar skaðabætur úr póstsjóði fyrir hinar glötuðn sendingar; en þar sem það virðist nægilega sýnt og sannað í málinu, að peningaböggjar þeir, er hjer ræðir um, hafi verið sendir á stað með pósti frá Hjarðarholti, og að þeim hafi ekki verið skilað í hendur þeim, er þeir áttu að fara til, frá póstaðgreiðslunni á Hnlausum eða á Akureyri, af því þær fundust ekki í póstskrínunum eða pósttöskunum, þegar póstur kom þangað, en aptúr á móti hefir ekki orðið uppgötvað, hvernig peningaböggjar þessir hafi glatazt, á meðan þeir voru í vörzlum póststjórnarinnar, þá hefi jeg leyft eptir atvikum, að greiða megi af fje því, sem veitt er með 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda

á yfirstandandi fjárhagstímabili, skaðabætur fyrir báðar hinar glötuðu peningasendingar, **131**
alls 37 rd. 43 sk. eða 74 kr. 89 aur. 14. nóv.

Um leið og jeg sendi herra amtmanninum hjálagða ávísun fyrir fje þessu, skal jeg þjónustusamlega biðja yður að sjá um, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu verði greiddar af því 44 kr. 89 aurar, sem skiptaráðanda í dánarbúi framantjeds Stefáns Hjörleifssonar, og sira Stefáni Árnasyni 30 kr., og að senda mjer viðurkenningu þeirra beggja fyrir viðtöku þessara peninga.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um búskap hegning- arhússins.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 8. þ. m. meðtók jeg skýringar þær, er jeg hafði beðizt 31. júlí þ. á., snertandi tilboð umsjónarmanns hegning- arhússins hjer í bœnum um að taka að sjer að kosta fœði fanganna gegn 50 a. borgun fyrir hvern fanga á dag, og sjest af þessum skýringum, að fœðið hefir hingað til ekki kostað meira fyrir hvern í fanga, en 41 e. á dag, að frátöldum eldivið, er umsjónarmaðurinn gjörði sömuleiðis ráð fyrir að fá fyrir ekki neitt, ef hann tæki að sjer búskapinn fyrir áminnsta 50 a. á dag. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegr- ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að mjer þykir ekki ástæða til að skipta sjer frekar af tjeðri beiðni, er hið fyrirhugaða fyrirkomulag mundi verða hegningarhúsinu að talsverðum kostnaðarauka, eptir því sem frá hefir verið skýrt. **132**
20. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til cand. phil. Þorleifs Jónssonar um styrk til að kenna hraðritun.* — Út af beiðni yðar frá 13. þ. m. um, að yður verði veittur styrkur úr landssjóði til að kenna ungum mönnum hraðritun, læt jeg yður hjer með vita, að jeg er fús á að veita yður af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna, hæfilega þókn- un fyrir hvern mann, er þjer kennið nefnda íþrótt, allt að 8 mönnum, og með því skilyrði, að styrkurion verði greiddur yður þegar kennslan er um garð gengin og hlutað- eigandi lærisveinar hafa sannað með prófi, að þeir sjeu orðnir svo leiknir í hraðritun, að þeir geti tekið að sjer það verk, að bóka rœður á alþingi, ef þing það, sem kemur sam- an 1. júlí næsta ár, vill hafa hraðritara til þess. **133**
20. nóv.

Auglýsing

um almennar baðanir sauðfjárins á kláðasvæðinu.

Með því að fundizt hafa kláðavottar bæði í einni rjett í haust og um veturnætur á einum bæ, hvorttveggja á miðju svæði því, sem megn kláði fannst á í fyrra vetur, og þar sem ætla má, að tryggingarboð þau, er fyrirskipuð voru í fyrra, hafi verið framkvæmd á mjög hirðulausan og óáreiðanlegan hátt í ýmsum hreppum Borgarfjarðarsýslu, en ekki hefir verið mögulegt í sumar að halda uppi, svo að komið hafi verið í veg fyrir allar samgöngur milli Borgarfjarðarsýslu og sveitanna fyrir sunnan hana, heimagæzlu þeirri, er fyrirskipuð var í tjeðri sýslu til að varna útbreiðslu fjárkláðans þaðan — hefi jeg álitnið nauðsynlegt til þess að útvega sem mesta tryggingu fyrir, að kláðanum verði alveg útrýmt á vetri þeim, er nú stendur yfir, að bjóða almennt bað á öllu sauðfje á áminnstu svæði.

Fyrir því skal hjer með skipað fyrir, eins og nú segir:

1.

Fyrir desembermánaðarlok þessa árs skal tryggilegt, öllum óprifum og kláða eyðandi

134
30. nóv.